



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. desember 2005

Tilvísun: UST20051100159/sf

Afkastaaukning fiskimjölsverksmiðju Síldarvinnslunnar hf. á Neskaupstað. Matsskylda.

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 28. nóvember 2005 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort áformuð stækkun fiskimjölsverksmiðju Síldarvinnslunnar hf. á Neskaupstað skuli háð mati á umhverfisáhrifum, að teknu tilliti til 3. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Lýsing framkvæmda

Í tilkynningu fyrirtækisins kemur fram að fyrirtækið áformar að auka afköst í 1400 t/sh en skv. núgildandi starfsleyfi eru leyfileg hámarksafköst 1100 t/sh. Bætt verður við gufupurrkara (forþurrkara) sem afkastar 5 t/klst. Nýjum soðeimingartækjum (2ja þrepa) verður bætt við og eimingarafköst aukin um 14 t/klst. Hlutfallslega stærri hluti orkunnar verður í formi raforku þótt heildarolíunotkun á tímaeiningu verði óbreytt. Glatvarmi frá gufupurrkara verður nýttur í forsjóðara og eykur það orkunýtingu. Í töflu 1 koma fram hlutfallslegar breytingar á nokkrum þáttum.

Tafla 1. Yfirlit yfir breytingar vegna stækkunar fiskimjölsverksmiðju Síldarvinnslunnar á Neskaupstað

Atriði	Fyrir	Eftir	Breyting %
Framleiðsla tonn hráefni	1100	1400	27
Olíunotkun á tonn	35	21	-38
Rafskautaketill MW	6-7	11-12	70-80
CO ₂ -losun t	16.200	10.000	-38
SO ₂ -losun	196	122	-38

Lyktheyðingarbúnaður verður óbreyttur, þ.e. brennsla á afgasi frá þurrkurum og afsogi frá tækjum í brunahólfum loftþurrkara. Heildarloftmagn til lyktheyðingar verður eftir breytingar

20.000 m³/h en loftþörf þurrkarabrennara er 22.000 m³/h.

Verksmiðjubygging verður stækkuð að flatarmáli um 6 % með tengibyggingu milli bræðsluhúss og verksmiðjuhúss.

Umfjöllun Umhverfisstofnunar

Núgildandi starfsleyfi verksmiðjunnar var gefið út 14. janúar 2005 og gildir til 1. febrúar 2015. Endurskoðað starfsleyfi fyrirtækisins mun taka á ákvæðum um mengunarvarnir í samræmi við eftirfarandi reglugerðir:

- Útblástur frá þurrkurum en um hann gildir reglugerð um loftgæði nr. 787/1999.
- Frárennsli frá löndun og vinnslu. Um það gildir reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999 og reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999.
- Hávaði en um hann gildir reglugerð um hávaða nr. 933/1999.

Útblástur/lyktheyðing

Skv. gildandi starfsleyfi fyrirtækisins gr. 3.4 „skal lyktheyðing framkvæmd í þvotta- og þéttiturni, sem kælir útblástur frá tækjum og þurrkurum, og síðan með brennslu í brunahólfum gufukatla eða tilsvarendi búnaði. Brennsla við 800 °C í 1/3 úr sekúndu er lágmark. Afköst brunahólfa skulu vera nægileg til þess að taka við öllu lyktarmenguðu lofti frá verksmiðju”. Við afkastaaukningu verksmiðjunnar eykst loftmagn frá þurrkurum og þurfa brunahólf þurrkara því að anna viðbótinni. Skv. tilkynningu fyrirtækisins munu þau anna því loftmagni sem fer til lyktheyðingar. Ekki kemur fram hvort heildarloftmagn muni breytast en minnkandi olíunotkun mun leiða til minni losunar brunagasa. **Gera má ráð fyrir að heildarlosun brunagasa miðað við óbreytt framleiðslumagn minnki. Losun lyktarefna verður óbreytt.**

Skv. norskri könnun eru helstu lyktaruppsprettur frá fiskimjölsverksmiðjum loft innan úr verksmiðjuhúsi og getur það numið allt að 80 % heildarmagns lyktarefna. Í skýrslunni kemur fram að mikilvægustu aðgerðir til þess að minnka lyktarmengun frá fiskimjölsiðnaðinum byggjast á meðhöndlun útblásturs frá loftræstingu húsnæðis og bættum sjóþvotti á afloftinu. Í starfsleyfi fyrirtækisins gr. 3.2 segir að „vinnsluhúsnæði skuli yfirfarið með tilliti til þess hvort undirþrýstingur sé í húsinu”.

Mikilvægt er að komið sé í veg fyrir að lykt berist frá öðrum uppsprettum en útblásturslofti frá framleiðslu og tekið sé á því með eftirfarandi hætti:

- Þetta framleiðslubúnað til þess að koma í veg fyrir leka.
- Hafa fullnægjandi afsog frá helstu tækjum í blautvinnslu svo sem sjóðurum, pressum, sniglum og tönkum.
- Hafa verksmiðjuhús lokað og tryggja góða vélræna loftræstingu. Ræstiloft sé tekið til meðhöndlunar og þvegið í þvottaturni og hugsanlega meðhöndlað í hreinsibúnaði.
- Tryggja hreinlæti og góða umgengni í verksmiðju og nánasta umhverfi. Hreinsa skal upp allt hráefni sem fer á gólf og plön þegar í stað.

Hráefnisgæði/markgildi

Í rannsóknnum sem gerðar hafa verið á sambandi lyktar við ástand hráefnis kemur fram að aukning á lyktarmengun er í réttu hlutfalli við skemmd hráefnis (TVN-gildi) upp að vissu marki. Þegar hráefnið er orðið verulega skemmt (TVN>120) verður aukningin mun hraðari í myndun lyktarefna. Í starfsleyfi fyrirtækisins gr. 2.6 segir að „miða skuli við að magn reikulla

basa í hráefni (TVN-gildi), sem tekið er til vinnslu í verksmiðju, fari ekki upp fyrir 120 mg N/100 g.” Mikilvægt er að tryggja að hráefni sem tekið er til vinnslu uppfylli þessi skilyrði.

Frárennsli

Skv. starfsleyfi fyrirtækisins gr. 3.8 „skal meðhöndla frárennsli frá löndunarkerfi, hráefnisgeymslum og vinnslu í hreinsibúnaði áður en því er veitt til sjávar. Búnaðurinn skal vera sjálfhreinsandi og skal endurvinna fitu og föst efni. Annað frárennsli verksmiðjunnar sem ekki er leitt í hreinsibúnað skal leiða í fitugildru áður en því er veitt til sjávar. Þetta á við um frárennsli frá gólfum, plönnum og frá þrifum”. Í gr. 3.9 eru ákvæði um losunarmörk fyrir fitu, svifefni og COD (efnafræðilega súrefnisþörf). Núverandi hreinsibúnaður fyrir frárennsli verksmiðjunnar er fitu- og þurrefnisskilja sem tekur við öllu frárennsli frá vinnslu, gólfum og plönnum. Við fyrirhugaðar framkvæmdir vegna afkastaaukningar verksmiðjunnar eykst geta hennar til að eima blóðvatn og annan vökva sem til fellur frá löndun og vinnslu um 14 t/klst. **Lítill aukning verður á losun í frárennsli vegna aukinnar eimingar vökva sem ella hefði farið í frárennsli. Aukning verður á losun á þéttivatni og sjó úr þvottaturnum en það hefur lítil áhrif á heildarlosunina.**

Hávaðamengun

Fyrirtækið þarf að uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 933/1999 um hávaða eftir stækkun. Þar sem það er staðsett nálægt iðnaðarsvæði þarf að tryggja að mörk sem sett eru í reglugerðinni séu uppfyllt. Ekki er talin hætta á hávaðamengun í íbúðabyggð þar sem fyrirtækið er staðsett í öruggri fjarlægð frá núverandi byggð.


Lokaorð

Á grundvelli upplýsinga fyrirtækisins telur Umhverfisstofnun ekki að umrædd stækkun muni leiða til aukinnar mengunar frá fyrirtækinu. Núverandi mengunarvarnarbúnaður byggist á brennslu lyktarefna við háan hita og er ljóst skv. upplýsingum fyrirtækisins að búnaðurinn muni anna þeirri afkastaaukningu sem fyrirhuguð er. Mikilvægt er að fyrirbyggja að lyktarmengun berist frá öðrum lyktaruppsprettum en útblásturslofti verksmiðju með því að hafa framleiðslubúnað þéttan, halda undirþrýstingi í húsi og tryggja hreinlæti og góða umgengni í verksmiðju og nánasta umhverfi.

Við vinnslu bræðslufisks berst oft mikið hráefni til fiskimjölsverksmiðja á stuttum tíma en hlé verða á milli t.d. vegna veðurs. Kostir stækkunar eru þeir að hægt er að ljúka vinnslu aflans sem fyrst þannig að ekki sé verið að vinna skemmt hráefni sem veldur aukinni mengun. Breytingin mun einnig leiða til orkusparnaðar með því að endurnýta gufu í forsjóðara verksmiðjunnar. Stærri hluti gufuframleiðslu fer fram með rafmagni og heildarnotkun svartolíu á hvert hráefnistonn mun lækka verulega.

Umhverfisstofnun telur því ekki að umrædd framkvæmd sé líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Virðingarfyllt


Sigurrós Friðriksdóttir
fagsviðsstjóri


Helgi Jónsson
forstöðumaður